

- 85 Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Borgarhrepps hefur samið og samþykkt, stað-
14. júní festist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast þegar gildi
og birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

86

15. júní

AUGLÝSING

um sölu og afhending vöruflutningabifreiða.

Vegna fyrirjábanlegra örðugleika á innflutningi vöruflutningabifreiða til lands-
ins og til tryggingar því að verklegar framkvæmdir ríkisins þurfi ekki að tefjast
vegna bifreiðaskorts, verða fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, engar
vöruflutningabifreiðar afhentar af Bifreiðaeinkasölu ríkisins, nema með eftirgreind-
um skilyrðum:

1. Kaupandi vöruflutningabifreiðar skuldbindi sig til, til ársloka 1943, að selja ekki
bifreiðina nema með skriflegu samþykki Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Til sama
tíma hefur Bifreiðaeinkasalan forkaupsrétt á bifreiðinni fyrir verð, sem 2 óvil-
hallir, dómkvaddir menn meta. Endurkaupsverð skal þó aldrei vera hærra en
kaupverð bifreiðarinnar, að frá dreginni fyrningu og að við bættu hæfilegu endur-
gjaldi fyrir umbætur, er kaupandi kann að hafa gert á henni.
2. Til ársloka 1943 skuldbindur kaupandi sig til að afhenda ríkisstjórninni eða
umboðsmönnum hennar, hvenær sem krafizt verður, með eins mánaðar fyrirvara,
hina keyptu bifreið, til hvers konar starfa í þjónustu ríkisins.

Skuldbindur kaupandi sig til að láta fylgja bifreiðinni æfðan bifreiðastjóra,
er hafi með höndum stjórn bifreiðarinnar. Fyrir þessi störf skal kaupanda greitt
umsamið kaup, sem þó ekki má vera hærra en ákveðið er í gjaldskrá vörubíl-
stjóradeildar verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

3. Brjóti kaupandi gegn framangreindum skilyrðum, hefur seljandi rétt til að taka
bifreiðina í sína vörzlu, með aðstoð fógeta, ef þarf. Verður bifreiðin þá eign selj-
anda, en greiða skal kaupanda andvirði bifreiðarinnar, sem ákveðið skal á sama
hátt og um getur hér að framan.
4. Afhenda skal skráningarstjóra bifreiða, um leið og skrásetning fer fram, samrit
af kaupsamningi bifreiðar og skal skrá á bifreiðaskrána athugasemd um þær
kvaðir, sem á henni hvíla.

Fjármálaráðuneytið, 15. júní 1942.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.